

Nd.

50. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 79 19. júní 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjákræppunnar.

Flm.: Hannes Jónsson, Magnús Torfason.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni, að fengnum meðmælum stjórnar Kreppulánasjóðs, að greiða árlega úr ríkissjóði allt að 2% af vöxtum fasteignalána og lána gegn afgangsskilyrðum þeirra manna, er reka landbúnað sem aðalatvinnuveg, þó ekki meira en svo, að lántakandi greiði sjálfur 2% vöxtu af lánum til nýbýla frá byggingar- og landnámsjóði og 3% af lánum til endurbygginga íbúðarhúsa í sveitum, en 4% af öðrum fasteignalánum.

Heimild þessi nær og til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1935.

Greinargerð.

Löggjafarvaldið hefir þegar viðurkennt, að lánakjör landbúnaðarins hafa alls ekki verið viðunandi, þar sem vextir hafa verið miklu hærri en atvinnureksturinn þolir. Til að ráða bætur á þessu að nokkru voru sett lög um kreppulánasjóð og lög þau, sem frv. ræðir um. Fjórða grein hinna síðartöldu laga gildir aðeins til loka þessa árs.

Brýn nauðsyn er að koma frambúðarskipulagi á veðlán landbúnaðarins, sem tryggði, að vextir yrðu a. m. k. ekki hærri, sem lántakar þyrftu að greiða, en hér er lagt til. En meðan svo er ekki, virðist sjálfsagt að fara sömu leið og lög nr. 79 19. júní 1933 heimila, en fara þó nokkru lengra. Vextir af fasteignalánum landbúnaðarins virðast alls ekki mega vera hærri en 4%, nema því aðeins, að hægt verði að gera búreksturinn til muna arðvænlegri en enn eru horfur á.

Þá er það kunnugt, hversu afarþungt húsagerðarlánin, jafnvel lán úr byggingar- og landnámsjóði, hvila á lántakendum. Er því lagt til að lækka vöxtu af þeim um 1%, en þyrfti raunar að vera meira.

Eftir skýrslu frá Kreppulánasjóði hafa umsóknir um vaxtatillag fyrir 1933 verið sem hér segir:

Til bænda	kr.	104617.32
Til kaupfélaga og sláturhúsa	—	8571.74
		<hr/>
Samtals	kr.	113189.06

Samkvæmt skýrslu frá byggingar- og landnámssjóði	
eru endurhýsingarlán	kr. 1800000.00
Nýbýlalán	— 185000.00
Vaxtalaus nýbýlalán um	— 70000.00

Öll útgjöld ríkisins til að létta vöxtu af byggingar- og landnámssjóðslánunum yrðu því ekki yfir 20000 kr. eftir frv., en mundu þó skipta lántakendum mjög miklu. Að visu fara lán þessi vaxandi ár frá ári og þá um leið vaxtatillagið, og mun nauðsynlegt að koma hentugra skipulagi einnig á þessi lán svo fljótt sem kostur er. En óumflýjanlegt er að gera þessar ráðstafanir meðan það skipulag er ekki komið í framkvæmd.